Skipulagsdeild Kópavogs
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 15.06.22

Efni: Umsögn Veitna vegna deiliskipulags Digranes, Lundur

Veitur hafa rýnt deiliskipulag við Digranes, Lundur.

Í deiliskipulagi Lundar eru sýnd leiksvæði, körfuboltavellir og sparkvellir á opnum svæðum. 3 lítil leiksvæði hafa verið gerð en enginn boltavöllur. Í tillögunni er gert ráð fyrir að gert verði einskonar garðsvæði á opnu svæði norðan við Lund 90. Svæðið samanstendur af fjölbreyttara leiksvæði en þeim sem þegar eru komin í hverfinu, þrek- og útiæfingartækjum, púttvelli, lítilli sleðabrekku og dvalarsvæði umluktu gróðri. Hugmyndin er að þetta svæði komi í stað fyrrnefndra boltavalla.

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera eftirfarandi athugasemdir:

125mm dreifilögn hitaveitu liggur þvert yfir áætlaða deiliskipulagstillögu. Veitur óska eftir kvöð þar sem dreifilögnin liggur. Veitur vilja benda á að ekki er æskilegt að staðsetja jarðföst leiktæki yfir lögnina.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi áframhaldandi góðs samstarfs og gera ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Anna Berta Heimisdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 16.11.2026

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • 516 6000 • kt. 501213-1870 • veitur.is